

3. fundur nefndar um málefni fatlaðra var haldinn í Ráðhúsinu 30.05.2011 kl. 17:30

Mætt voru: Hanna Jónsdóttir, Bogi Thorarensen, Hafrún Guðmundsdóttir, Margrét Ebba Ísleifsdóttir, Svanborg Siggeirsdóttir og Hafdís Bjarnadóttir sem ritaði fundargerð.

Hanna setti fund kl. 17:30 og bauð nefndar og varamenn velkomna.

Dagskrá:

1. Atvinnumál – Hafrún segir frá lokaverkefni sínu í HÍ um atvinnumál á norðanverðu Snæfellsnesi
 2. Aðgengi fyrir alla.
 3. Önnur mál.
-
1. Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir greindi frá lokaverkefni sínu um atvinnumál á norðanverðu Snæfellsnesi og ástæðu þess að hún valdi að fjalla þetta tiltekna viðfangsefni. Lokaverkefnið er unnið sem þróunarverkefni og inniheldur tillögu að úrræðum í fyrrgreindum málaflokki. Hafrún stefnir á að kynna niðurstöðu verkefnisins fyrir Bæjarstjórn Stykkishólms og Félags og Skólajónustu Snæfellinga.
 2.
 - Töluverðar umbætur hafa orðið á ástandi gangstétta og skábrauta en betur má ef duga skal og skorum við á bæjarstjórn að stuðla að áframhaldandi lagfæringum á gangstéttum svo að aðgengi um bæinn okkar verði ásættanlegt fyrir alla.
 - Umhverfi X sins þarf að fegra og bæta. Gott væri að koma upp einhverri útiaðstöðu t.d að setja upp bekki og borð.
 - Þörf er á að koma upp skábraut við inngang Norska hússins til að auðvelda hreyfihömluðum að njóta þess sem í boði er á 1. hæð hússins.
 - Stykkishólmsbær á að sýna gott fordæmi með að hafa aðgengismál til fyrirmyndar við húsnæði bæjarins og hvetja fyrirtæki til að huga að aðgengismálum hjá sínum fyrirtækjum.
 - Nefndin lýsir ánægju sinni með þá fjölgun sem hefur orðið á bekkjum um bæinn, og hvetur til að áfram verði haldið á sömu leið.
 - Nefndin skorar á bæjaryfirvöld að aðgengismál fatlaðra séu tekin með í reikninginn þegar ráðist er í nýbyggingar og endurbætur á vegum bæjarins. Í nýbyggðu þjónustuhúsi á tjaldstæðinu komast hreyfihamlaðir einstaklingar ekki inn í húsið í stórum hjólastólum til að nýta sér salerni fyrir fatlaða sem er þar innandyra. Auk þess er aðgengi að húsinu fyrir hreyfihamlaða ekki nema frá tjaldstæðinu og illfært bílastæðismegin.

3.

- Nefndin fór yfir stefnumál flokkanna um málefni fatlaðra fyrir síðustu bæjarstjórnarkosningar. Þar koma fram mörg mikilvæg mál þ.m.t stofnun nefndar þessarar sem orðin er að veruleika. Ekki er síður mikilvægt að vinna að öðrum stefnumálum með markvissum hætti og framfylgja þeim.
- Skorur á Bæjarstjórn að tryggja að starfsmanni X ins séu tryggð laun til að sinna félasstarfi fatlaðra sem og annarra barna í bænum. Leiklistarnámskeið fatlaðra var 1x í viku í vetur, 2 tíma í senn og voru laun starfsmannsins greidd af Íþróttafélagi fatlaðra og fjármögnum með jólakortasölu barnanna. Nefndin fór yfir stefnumál flokkanna um málefni fatlaðra og vill mynna bæjarstjórn á að þörf sé á að framfylgja þeim.
- Hanna greindi frá því að Hafdís Runólfsdóttir hjá Öryrkjabandalaginu hafi haft samband og fagnað því að komin væri nefnd á vegum bæjarins um málefni fatlaðra.

Nefndin vill hvetja bæjarstjórn til að framfylgja hið fyrsta fyrri hugmyndum nefndarinnar um að koma fyrir flokkunartunnum í kirkjugarðinum og hugmyndabanka í sundlauginni. Tilvalið er að nýta starfsfólk vinnuskólans í einföld verkefni sem þessi.

Nefndarmenn eru sammála um að starfsstöð í viðunandi húsnæði sé eitt af forgangsverkefnum og að núverandi húsnæði starfsstöðvarinnar (kjallaraberbergi í gamla skólanum) sé bæjarfélaginu til vansa og ekki boðlegt vinnuumhverfi þeim sem þar starfa. Nefndin áréttar því að hugað verði að öðru húsnæði hið fyrsta, og bendir á ört vaxandi þörf fyrir slíka starfsstöð.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 29/8 2011 kl. 17:30

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00

Hanna Jónsdóttir (sign.),
Bogi Thorarensen Bogason (sign.),
Hafdís Bjarnadóttir (sign.),
Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir (sign.),
Margrét Ebba Ísleifsdóttir (sign.),
Svanborg Siggeirsdóttir (sign.)